



ahsfrumvapatvinnuleysistr030506

Til félagsmálanefndar Alþingis

3. maí 2006

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar 2006

- 1. Samtenging við framlengingu kjarasamninga.** Valin hefur verið sú leið með frumvarpinu að tengja saman samkomulag ASÍ og SA og fyrirheit stjórnvalda gagnvart aðilum vinnumarkaðarins vegna framlengingar kjarasamninga og síðan nýtt frumvarp um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar er það tekið fram að samkomulag um lagafrumvörpin í anda þeirrar niðurstöðu sem náðist í nefndinni um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir 9. nóvember 2005. Fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga kemur ekki til umræðu eitt og sér. Fyrir þá aðila sem hafa sérstöðu í stéttarfélögunum, VR og Eflingu með afgreiðslur og úthlutunarnefndir á sínum vegum verður umræðan snúnari og erfiðari þegar þetta tvennt er undir.
- 2. Ekki lengur aðild stéttarfélaganna að kerfi atvinnuleysistrygginga.** Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar skipi eina fimm manna úthlutunarnefnd fyrir allt landið, en nefndin ber ábyrgð á framkvæmd atvinnuleysistrygginga. Félagsmálaráðherra skipar síðan úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga. Hér er augljóslega um mikla fækkun allra þeirra félaglegu aðila sem hingað til hafa átt umsagnar og ákvörðunarrétt um atvinnuleysistryggingar. Mikil breyting hefur orðið á aðild stéttarféлага að þessum málum á undanförunum árum. Nú á að leggja niður nefndir og afgreiðslustaði tveggja stórra féлага í Reykjavík, sem hafa milli 40.000-50000 félagsmenn innan sinna vébanda. Stéttarfélögin hafa hingað til getað tengt atvinnuleysistryggingarnar við félagsaðild, tengt atvinnulausa við öflugra sjúkra- og fræðslusjóði og önnur félagsleg úrræði en mest af þessum beinu tengingum verða úr sögunni með þessu skipulagi. Þess má hér geta að við mikið atvinnuleysi hjá nefnd 1 í Reykjavík hafa 4 af hverjum 5 atvinnulausum verið úr Eflingu og svipað hlutfall er hjá VR. Ljóst er að þessi skipan mála mun þýða meiri fjarlægð hins atvinnulausa við þjónustu- og afgreiðslustaði og stéttarfélögin eiga samkvæmt þessu nánast enga aðild að ákvörðunum um atvinnuleysisbætur félagsmanna sinna nema í heildarsamningum við ASÍ og önnur samtök. Á það skal einnig bent að þessi vandi er einnig til staðar úti á landi þar fjarlægðin skapar sams konar vanda.
- 3. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs áhrifalaus.** Ljóst er að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er orðin að áhrifalausri deild í Vinnumálastofnun og hefur nánast ekki annað hlutverk annað en það sem Vinnumálastofnun ákveður sjálf þ.e. að samþykkja rekstraráætlanir og hafa eftirlit með framkvæmd sem liggur í augum uppi að verður öll hjá VMS samkvæmt frumvarpinu. Eldra hlutverk þess að skipa í úthlutunarnefndir og þá einu sem eftir stendur með frumvarpinu er úr sögunni. Það er merkileg niðurstaða hjá ráðuneytinu og aðilum vinnumarkaðarins að á hálfra aldar afmæli atvinnuleysistrygginga hér á landi, skuli stjórn sem barist hefur fyrir sjálfstæði sjóðsins, fjárhagslegu og stjórnarfarslegu vera gerð áhrifalaus, en samkvæmt anda þessa frumvarps væri

miklu eðlilegra að leggja stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs niður enda hlýtur það á endanum að vera það sem vakir fyrir frumvarpshöfundum.

4. **Flókið kerfi.** Ljóst er að við tekjutengingu m.a. hvað varðar frádrag vegna séreignarsjóða og fleiri frádráttarliði, er stefnt að mjög flóknu lagaumhverfi sem minnir um margt á þá miklu umræði sem átt hefur sér stað um Tryggingastofnun ríkisins á undanförunum mánuðum. Þar standa starfsmenn, yfirmenn og skjólstæðingar stofnunarinnar frammi fyrir mjög flóknu regluverki sem búið er að setja allri starfseminni og kalla þarf sérfræðingahóp stofnunarinnar að í hvert skipti sem unnið er að breytingum á löggjöf og reglugerðum. Vinnumálastofnun er með einni heildarnefnd yfir landið og flókinni löggjöf að stefna í svipað umhverfi að því er séð verður.
5. **Atvinnumál og sameiginleg ábyrgð stéttarfélaganna, ríkis og sveitarfélaganna.** Hingað til hafa atvinnumál verið sameiginleg mál stéttarfélaganna, ríkis- og sveitarfélaganna og atvinnukreppum hefur verið mætt með sameiginlegu átaki þessara aðila. Með þeirri skipan sem nú hefur verið lögð til er sú hættu á að fjarlægð skapist við þá aðila sem eru að sinna atvinnumálum félagsmanna sinna alla daga ársins.
6. **Ríkisstjórn sem einkavæðir og færir út verkefni til samtaka og fyrirtækja.** Núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir mestu einkavæðingu sögunnar hér á landi og samtök atvinnurekenda hafa verið sammála stjórnvöldum um að margvísleg verkefni eru betur komin í höndum þeirra sem eru einkaaðilar, félagsamök eða aðrir aðilar á markaði sem tekið geti við verkefnum af ríkinu. Ljóst er að með stofnun mikillar ríkisstofnunar um málefni atvinnulausra er gengið þvert gegn þessari stefnu m.a. með því að taka umsjón af þeim aðilum í Reykjavík sem hingað til hafa séð um þjónustu og afgreiðslu við atvinnulausa á vegum stéttarfélaganna. Það væri meiri í anda stefnu beggja þessara aðila að snúa dæminu við og spyrja. Hvernig getum við virkjað þá meira svo sem stéttarfélögin sem eru að sinna atvinnumálum félagsmanna sinna nú þegar og eru mikilvægir hagsmunir þeirra.
7. **Stéttarfélögin geta ekki búið við óvissu lengur.** Ljóst er að Efling-stéttarfélag og VR geta ekki búið við þá óvissu lengur sem þau hafa þurft að taka á sig annað hvert ár frá árinu 1997 þegar fyrsta endurskipulagning atvinnuleysistrygginga hófst. Sérþjálfaðir starfsmenn og skrifstofur hafa starfað á þessu sviði allan þennan tíma á vegum stéttarfélaganna og ljóst að sárafáar kvartanir hafa borist félögunum á þessum tíma. Vinnumálastofnun byggir ekki á athugasemdum atvinnulausra við breytingarnar eða stéttarfélaganna, heldur eru meginforsendur þeirra skýrsla ríkisendurskoðunar um atvinnuleysistryggingar sem segir sitt um málið. Það kemur fram í málflutningi VMS að stofnun lítur á afgreiðslur og nefndarstarf í kringum þennan málaflokk sem reikningsdæmi en ekki vinnu með fólki. Nú hafa félögin gert þá kröfu að ef þau eiga að sinna hlutverki áfram, þá verði ákvörðun um það tekin innan mánaðar frá því frumvörpin komu fram í byrjun apríl. Félögin telja að þau geti ekki boðið skjólstæðingum atvinnuleysistrygginganna eða starfsmönnum upp á þetta ástand stöðugra endurskoðana lengur.

8. **Fjárhagsleg afkoma.** Það er ljóst að stéttarfélögin í Reykjavík hafa engan fjárhagslegan ávinning af rekstri þjónustustarfsemi atvinnuleysistrygginga. Þar var tap á báðum deildum í Reykjavík á síðasta ári og fyrirsjáanlegt er tap á þessu ári.
9. **Stéttarfélögin reiðubúin til viðræðu um fyrirkomulag.** Alla tíð hafa stéttarfélögin verið reiðubúin til viðræða við VMS og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs um fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga og náði samstarf hefur verið um málin frá 1997 við þessa aðila. Þjónustusamningar sem hafa verið gerðir milli aðila hafa ætíð miðast við lágmarkun kostnaðar við rekstur deildanna þannig að nokkur ár hefur orðið taprekstur á þeim. Stéttarfélögin hafa tekið undir öll sjónarmið um einföldun afgreiðsna og úthlutunar þannig að málin séu sem þægilegust fyrir atvinnulaust fólk. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé eðlilegt að lausn sé fundin um aðild félaganna að nýju skipulagi.

Þessi samantekt er engan veginn tæmandi en byggð á efnisatriðum sem Efting og VR hafa haldið á lofti undanfarin ár um atvinnuleysistryggingar. athsfrumvarpatvinleysirt030406bhsb

Nokkrar aðrar athugasemdir með frumvarpinu

Er henni sérstaklega ætlað að hafa eftirlit með samræmis sé gætt við ákvarðanir er varða atvinnuleysistryggingar fólks. Þessari breytingu er ætlað að auka skilvirkni innan kerfisins þar sem reynslan hefur sýnt að meiri hluti umsókna er afgreiddur nokkuð sjálfkrafa í gildandi kerfi. Þykir óþarflega þungt í vöfum að hafa nýu úthlutanarnefndir til að ákvarða um rétt atvinnuleitanda. Standa því vonir til að með þessu megi stytta afgreiðslutíma umsókna eins og kostur er enda heyrir þá sögunni til að umsóknir þurfa að bíða funda hjá nefndum þegar allar upplýsingar liggja fyrir.

Ofanskráður texti er tekinn beint úr frumvarpinu en segja má að þetta hefði mátt framkvæma undir kerfinu eins og það er í dag.

6. gr

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og gera þjónustu samninga við VMS um umsýslu sjóðsins...

9. gr

Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráða maður samþykka umsóknina með undirritun sinni.

(Fjöldi einstaklinga flytja að heiman fyrir 18 ára aldur og hefja búskap, í sambúð eða einir þar sem tengsl milli viðkomandi og foreldra er ekki til staðar. Hér á viðmiðið eingöngu að vera þegar einstaklingur býr í foreldrahúsum og er í námi.)

39. gr

Hafi hinn tryggði fengið hærri atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr en hann átti rétt á samkvæmt álagningu skattayfirvalda eða öðrum ástæðum ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofangreidd var með 15% álagi. (Hér byggir ekki refsingin á röngum upplýsingum eða fólsum gögnum.)

Flókið regluverk

Séreignarsparnaður. Ljóst er að samtenging ólíkra kerfa að atvinnuleysisbótum getur skapað mjög flókið regluverk. Einstaklingur sem hefur lagt til hliðar í séreignarsparnaði til mjög langs tíma og horfir á það sem viðbótargreiðslur við sameignarlífeyri, Dæmi 64 ára einstaklingur sem fær greitt út úr séreignarsjóð, stendur frammi fyrir skerðingu á atvinnuleysisbótum á móti, en þá má segja að verið sé að nota séreignarsparnaðinn til að lækka greiðslur úr